

Lokafundur DKG föstudaginn 17. maí kl. 19:00, Krókeyrarnöf 9 heima hjá Sigríði Magnúsdóttur.  
Mættar voru 16. konur.

#### Dagskrá:

1. Setning fundar.
2. Þórunnar Bergsdóttur minnst.
3. Orð til umhugsunar.
4. Fundargerð síðasta fundar lesin.
5. Erindi frá stjórn.
6. Málefni Elísarbetarsjóðs.
7. Sagt frá landssambandsþingi.
8. Kosning um tillögur útbreiðslunefndar.
9. Önnur mál.
10. Kaffi og happdrætti (Guðrún H. Björnsd. fékk síðasta vinnning)
11. Fundi slitið.

1. **Setning fundar.** Jónína bauð okkur velkomnar, setti fundinn og María kveikti á kertum.

2. **Þórunnar Bergsdóttur minnst.** Þorgerður minntist Þórunnar Bergsdóttur sem lést laugardaginn 11. maí síðastliðinn. Þórunn háði erfiða baráttu við krabbamein og lést langt um aldur fram. Þórunn var kraftmikil og skapandi kona, góður stjórnandi og fékk fólkið sitt með sér í flestu ef ekki öllu sem hún sem hún tók sér fyrir hendur og var þróunarstarf í skólum henni mjög hugleikið. Eftir þessa fallegu minningu frá Þorgerði þá lutum við allar höfði og minntumst hennar í einnar mínútu þögn. Einnig bar Þorgerður kveðju frá Sigríði Þ. Ragnarsdóttur forseta landssambandstjórnar.

3. **Orð til umhugsunar.** Margrét Jónsdóttir var með orð til umhugsunar og sagði hún okkur frá námsorlofi sínu í Reading á Englandi. Hún sagði m.a. að við ættum alls ekki að vera feimnar að sækja um orlof og við ættum að hleypa heimdraganum. Það er öllum hollt að rífa sig upp og fara í nám! Það var ekki síst gott fyrir börnin hennar að prófa að búa í öðru landi þar sem hefðir og venjur eru allt öðruvísi en við eigum að venjast hér á Íslandi. Einnig að kynnast börnum af ýmsum þjóðernum sem svo sannarlega auðgar tilveruna og gerir lífið svo miklu litríkara og skemmtilegra. Samvera fjölskyldunnar var stresslaus og þessi dvöl gaf þeim öllum mjög mikið.

4. **Fundargerð síðasta fundar.** Fundargerð síðasta fundar var lesin og var hún samþykkt. Að henni lokinn skilað Jónína kveðjum frá fjarstöddum konum sem ekki komust á lokafundinn.

#### 5. Erindi frá stjórn.

a) Árgjald hafði verið ofreiknað um 500 kr. vegna misskilnings hjá gjaldkera landsambandsins og lagði því gjaldkeri Beta- deildar það til að þessi upphæð færi í Unichef pyngjuna og var það samþykkt.

b) Þorgerður sagði okkur frá nokkrum atriðum frá Landssambandsþingi DKG og nýrri

stjórn þar. Er gaman að segja frá því að við í Beta deild eigum tvær konur í stjórn Landssambandsins þær Þorgerði og Ingibjörgu Auðunsdóttur. Einnig sagði hún okkur að við ættum að vera duglegar að heimsækja fundi í öðrum deildum DKG þegar við værum á faraldsfæti.

c) Jónína sagði í fáeinum orðum frá vetrarstarfi Betadeildar veturinn 2012- 2013 og kom í ljós að margt fróðlegt og skemmtilegt hafði verið gert í vetur.

**6. Elísabetarsjóður.** Anna Þóra upplýsti okkur um málefni Elísabetarsjóðs. Nánast engir vextir eru borgaðir núna á innstæðu sjóðsins af bankanum og er því sjóðurinn fljótur að rýrna ef af honum er tekið. Höfuðstóllinn var 400.000 þús. og verðum við að passa að upphæðin í sjóðnum fari ekki niður fyrir þá upphæð. Stjórn sjóðsins óskaði eftir að heyra okkar raddir um hvort við vildum láta sjóðinn tæmast eða hvort við vildum halda honum áfram og borga þá í hann, t.d. árlega og hvað við vildum þá borga mikið. Uppástunga kom um að upphæðin yrði tvö til þrjú þúsund krónur árlega. En það yrði að gera að tillögu og samþykka síðar. Erna Gunnarsdótti kvaddi sér hljóðs og studdi þá tillögu að við myndum borga í sjóðinn, því stór hluti af starfsemi þessara samtaka er að heimsækja aðrar deildir erlendis og þá er mjög mikilvægt fyrir okkur að geta sótt um styrk í þennan sjóð.

Það eru fjórar konur í Betadeild sem ætla til Amsterdam í ágúst á Evrópuþingið og eru það þær: María Steingríms, Halldóra, Eygló og Helga. Tillagan kom fram um að stykurinn til þessara kvenna yrði 35.000 kr. Einnig var rætt að við yrðum að laga okkur að aðstæðum hverju sinni og að stjórn Elísabetarsjóðsins komi með tillögu að reglum sjóðsins í samráði við stjórn Betadeildar sem síðar yrði fjallað um á aðalfundi. Hafa allt opið.

**7. Sagt frá Landssambandsþingi.** Ákveðið var að fresta þessum lið fram á haustið.

**8. Kosning um tillögur útbreiðslunefndar.** Konur skiptust á skoðunum en tillaga kom fram um að kjósa um hvern lið fyrir sig. Einnig var ákveðið að niðurstöðurnar yrðu kynntar á haustfundinum og þeir liðir sem ekki voru samþykktir verið líka ræddir aftur í haust.

**9. Önnur mál.** Jónína sagði okkur frá því að fallega kertið sem við kveiktum á til minningar um hana Þórunni Bergs á þessum fundi hefði Erna Gunnarsdóttir gert, og að fáni DKG verði í athöfninni þegar Þórunn verður jörðuð.

Selma fékk rós og bókamerki DKG í tilefni af 50 ára afmæli sínu. Einnig þakkaði Jónína Sigríði fyrir gott heimboð. Anna Þóra þakkaði stjórninni fyrir starfsárið og Jónína slökkti á kertum og þakkaði fyrir góðan fund. Þá var haldið á vetingahúsið Strikið og borðaður góður matur, vetrarstarfið kvatt og sumarfríi framundan með sól í sinni fagnað.

Ritari: María Gunnarsdóttir.